



## Sjálfskönnun – sjálfsmat

Nemendur bregðast við þessum fullyrðingum og spurningum þegar þeir hafa lokið sjálfskönnuninni.

### Íhugun

	Hátt	Miðlungs	Lágt
Mál			
Rými			
Rök /stærðfræði			
sjálfsþekking			

	Hátt	Miðlungs	Lágt
Tónlist			
Hreyfing			
Samskipti			
Umhverfi			

Ég tel að niðurstöðurnar séu nokkuð réttar:

Ég tel að ég hafi vanmetið mig:

Ég tel að ég hafi ofmetið mig:

Hvað lærði ég um sjálfa(n) mig?

Hvað kom mér á óvart?

Hvað olli mér vonbrigðum?

Hvar vil ég bæta mig?

*The Midas Challenge!* Shearer, 1999.



## Finndu einhuern sem ...

Stattu upp og finndu félag. Athugaðu hvort eitthvað af lýsingunum á spjöldunum passar við hann. Ef svo er skrifar þú nafnið hans á línuna. Spyrðu hann spurninganna á spjaldinu. Finndu svo nýjan féлага o.s.frv.

### Spilar á hljóðfæri

Nafn \_\_\_\_\_

- Á hvaða hljóðfæri spilar þú?
- Langar þig til að verða tónlistarmaður?
- Hvers konar tónlist finnst þér skemmtilegt að spila?

### Á gæludýr

Nafn \_\_\_\_\_

- Hvaða gæludýr áttu?
- Hvað heitir hann eða hún?
- Hvað gerið þið saman?

### Finnst gaman að mála eða teikna

Nafn \_\_\_\_\_

- Hvað teiknar þú eða málar?
- Lýstu uppáhaldsverkinu þínu.
- Hvað gerir þú við myndirnar?

### Hefur nýlega lesið bók

Nafn \_\_\_\_\_

- Hvaða bók lastu?
- Lýstu söguþræðinum.
- Var bókin skemmtileg?

### Er í klúbbi eða félagi

Nafn \_\_\_\_\_

- Hvað heitir klúbburinn eða félagið?
- Hvað gerið þið?
- Semur þér vel við félagana þar?

### Heldur dagbók

Nafn \_\_\_\_\_

- Hvað skrifarðu í bókina?
- Hvers vegna heldurðu dagbók?
- Hve lengi hefur þú gert það?

### Hefur gaman af stærðfræði

Nafn \_\_\_\_\_

- Hvers vegna hefurðu gaman af stærðfræði?
- Hvers konar dæmi finnst þér skemmtilegust?

### Er í íþróttum

Nafn \_\_\_\_\_

- Hvaða íþrótt stundar þú?
- Lýstu besta árangri þínum.
- Að hverju stefnir þú?



## Segðu okkur frá þér

Nemendur eru í fjögurra manna hópum. Spjöldin eru klippt út og sett í bunka á miðju borði. Einn byrjar og dregur efsta spjaldið. Hver hinna spyr hann einnar spurningar af spjaldinu. Svo dregur sá næsti og koll af kolli.

### Viðtal 1

- Hver er sterkasta greind þín?
- Kom hún af sjálfri sér eða þurftir þú að vinna að henni?
- Hver heldur þú að sé veikasta greind þín? Hvers vegna?

### Viðtal 2

- Hvað getur þú gert til að styrkja veikustu greind þína?
- Ef þú gætir verið frábær í einhverri greind hver væri hún? Hvers vegna?
- Ertu klár í einhverju sem þú hefur samt ekki mjög gaman af? Hvað er það?

### Viðtal 3

- Er eitthvað sem þú ert ekki klár í en hefur mjög gaman af? Hvað?
- Líkist þú foreldrum þínum? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
- Telur þú að einhver ein greind sé mikilvægari en aðrar í samfélaginu?

### Viðtal 4

- Væri heimurinn betri eða verri ef allir hefðu nákvæmlega eins greindir? Hvers vegna?
- Nefndu einn hæfileika sem þú telur að allir ættu að hafa.
- Yfir hvaða greindum býr aðalfyrirmynd þín eða hetja?

*Multiple Intelligences. The Complete MI Book.* Kagan og Kagan. 1998.



## Deildu með öðrum

Tveir nemendur vinna saman. Spjöldin klippt út og sett í bunka. Annar nemandinn dregur spjald og deilir svári sínu með hinum. Þá dregur hinn nemandinn og gerir slíkt hið sama.









Telur þú þig vera listræna(n) ? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?	Hefur tónlistin sem þú hlustar á áhrif á hugarástand þitt?
Telur þú að áhugamál þín endurspegli greindir þínar?	Hvort ertu mannblendin(n) eða ómannblendin(n)? Hvers vegna?
Berðu virðingu fyrir fólki sem er greint á annan hátt en þú?	Nefndu eitt markmið sem þú hefur sett þér til að gera þig að betri manneskju.
Hvað gleður þig mest af öllu?	Hvernig líkjast vinir þínir þér? Á hvern hátt eru þeir ólíkir þér?
Hvað heldur þú að öðrum finnist um þig?	Telur þú þig vera röklega eða tilfinningalega manneskju?
Hvað segir klæðaburður þinn um þig?	Hvar viltu helst vera í náttúr- unni? Hvað segir það um þig?



## Að flokka athafnir

Hópverkefni (4 í hverjum hóp).

Spjöldin eru klippt út og límd á stærri arkir þannig að það sé hægt að líma nokkra miða sem lýsa aðgerðum fyrir neðan hverja mynd. Þeir miðar eru líka klipptir út og hver hópur nemenda fær eitt sett sem þeir skipta á milli sín. Í hópunum skiptast nemendur á að lesa það sem stendur á miðunum og ræða um hvar viðkomandi athöfn eigi heima. Ef allir í hópnum eru sammála er viðkomandi miði límdur á sinn stað. Hóparnir bera að lokum saman niðurstöður sínar.

Málgreind 	Líkams- og hreyfigreind 
Rök- og stærðfræðigreind 	Umhverfisgreind 
Rýmisgreind 	Samskiptagreind 
Tónlistargreind 	Sjálfspekkingargreind 



## Vinnublað 5 frh.

Hjálpa öðrum	Dansa
Keyra bíl	Kortleggja leið
Annast gæludýr	Fara í tjaldferð
Hugleiða	Búa til slagorð
Skoða dýr	Taka ljósmyndir
Lesi bók	Syngja
Skrifa ljóð	Ræða málefni
Skrifa ljóð	Halda ræðu
Leysa dulmál	Greina gögn
Vinna hópverkefni	Stunda íþróttir

*Multiple Intelligences. The Complete MI Book.* Kagan og Kagan. 1998.



## Vinnublað 5 frh.

Semja auglýsingarstef	Reikna dæmi
Leika í leikriti	Skipuleggja aðra
Tala spænsku	Smíða þrívíddarmódel
Hanna bækling	Íhuga
Mynda samtök	Gera tilraun
Leika á hljóðfæri	Vera í einrúmi
Rækta blóm	Teikna mynstur
Vinna saman	Skreyta heimilið
Leysa ágreining	Rækta garðinn
Setja sér markmið	Mála mynd

*Multiple Intelligences. The Complete MI Book.* Kagan og Kagan. 1998.



## Vinnublað 5 frh.

Eignast vini	Horfa á náttúrumyndir
Leika tölvuleiki	Gera við hluti
Teygja sig	Móta eða gera höggmynd
Horfa á sjónvarp	Setja í forgangsröð
Klappa í takt	Horfa á myndbönd
Hlusta á útvarp	Vinna sjónrænt efni
Nota táknmál	Semja lag
Fara í bíó	Skrifa bréf
Hanna	Safna fyrirbærum
Flokka hluti	Nota líkamsmál

*Multiple Intelligences. The Complete MI Book.* Kagan og Kagan. 1998.





## Settu þér markmið um að styrkja þig í einni greind

- Hvaða aðferðum ætlar þú að beita?
- Hvað ætlarðu að gefa þér langan tíma?
- Hvernig ætlarðu að meta árangur þinn?



## Látbragðsleikur

Nemendum er skipt í fjögurra manna hópa og hver þeirra fær eitt spjald. Nemendur skiptast á að leika starfsheitin (með látbragði) og hinir giska á um hvaða starfsgrein er að ræða. Þegar leiknum er lokið ræða nemendur um hvaða greind/greindir reynir mest á í þessum starfsgreinum.

<p><b>Spjald 1</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Kennari</li> <li>2. Hjúkrunarfræðingur</li> <li>3. Arkitekt</li> <li>4. Trésmiður</li> <li>5. Dýralæknir</li> <li>6. Læknir</li> <li>7. Heimspekingur</li> <li>8. Plötusnúður</li> </ol>	<p><b>Spjald 2</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Flugmaður</li> <li>2. Fiskimaður</li> <li>3. Bankastarfsmaður</li> <li>4. Guðfræðingur</li> <li>5. Hljómsveitarstjóri</li> <li>6. Sölumaður</li> <li>7. Vélvirki</li> <li>8. Geðlæknir</li> </ol>
<p><b>Spjald 3</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Móttökustjóri</li> <li>2. Bókhaldari</li> <li>3. Dansari</li> <li>4. Könnuður</li> <li>5. Myndhöggvari</li> <li>6. Veiðimaður</li> <li>7. Leikari</li> <li>8. Stjórnmalamaður</li> </ol>	<p><b>Spjald 4</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Söngvari</li> <li>2. Ljósmyndari</li> <li>3. Lögfræðingur</li> <li>4. Ráðgjafi</li> <li>5. Bóndi</li> <li>6. Stjörnufræðingur</li> <li>7. Ljóðskáld</li> <li>8. Fimleikamaður</li> </ol>





## Styrkleikar og veikleikar

Byrjið á því að ræða eftirfarandi spakmæli.

Guð, gef mér æðruleysi til að sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt, kjark til að breyta því sem ég get breytt og vit til að greina þar á milli.

### Skrifið síðan í leiðarbókina.

- 1 Mikilvægustu styrkleikar mínir eru ...
- 2 Alvarlegustu veikleikar mínir eru ...
- 3 Ég get bætt mig í eftirfarandi ...
- 4 Ég þarf að sætta mig við ...





## Pygmalion-sjálfi

Hvað finnst öðrum um mig?

Ljúktu við eftirfarandi setningar og skráðu í leiðarbók.

- 1 Besta vini mínum / vinkonu minni finnst ég vera ...
- 2 Bekkjarfélögum mínum finnst ég vera ...
- 3 Foreldrum mínum finnst ég vera ...
- 4 Fyrstu áhrif sem ég hefði á einhvern ókunnugan væru ...





## Hlutverk sem ég gegni

Ræðið í hópum um á hversu ólíkan hátt fólk getur skynjað sömu manneskju.  
Ljúkið síðan við eftirfarandi setningar og skráið í leiðarbók.

- 1 Gagnvart mér er ég ...
- 2 Gagnvart fjölskyldu minni er ég ...
- 3 Gagnvart félögum mínum er ég ...
- 4 Gagnvart besta vini mínum / vinkonu minni er ég ...





## Ef þú fengir ósk þína uppfyllta

Svaraðu eftirfarandi spurningum í leiðarbókina.

- 1 Ef þú gætir óskað þér eins hæfileika, hver væri hann?
- 2 Ef þú gætir óskað þér að breyta einhverju einu atriði í útliti þínu, hverju myndir þú breyta?
- 3 Ef þú gætir óskað þér peninga, hversu mikla myndir þú vilja og til hvers?
- 4 Ef þú gætir óskað þér einnar greindar, hvaða greind væri það og hvers vegna?
- 5 Ef þú þyrftir að raða óskum þínum í forgangsröð, hvernig myndir þú gera það?
- 6 Gerirðu þér betur grein fyrir fyrirmyndarsjálfri þínu núna?



## Að læra í skólanum og utan hans

Þetta verkefni getur hjálpað ykkur við að skoða nám við mismunandi aðstæður. Skiptið ykkur í 3–5 manna hópa.

- **Gera**  
Ræðið saman í hópunum um hvað ykkur finnst um nám í skóla og utan hans.
- **Endurskoða**  
Hvað var ólíkt? Hvað var líkt?
- **Læra**  
Hafið þið öðlast betri skilning eða nýja sýn á nám? Hvernig?
- **Beita**  
Getur nám í skóla orðið líkara námi utan hans? Hvernig þá?  
Hvers vegna ekki?



## PMÁ: Plús, mínus, áhugaverð atriði

Þessi aðferð auðveldar ykkur að hugsa um mismunandi hliðar eða kosti og galla tiltekins efnis áður en þið leggið mat á það. Tökum skólaskyldu sem dæmi. Hverjir eru kostir þess að hafa skólaskyldu? En gallar? Hvað væruð þið að gera ef þið væruð ekki í skóla? Tökum annað dæmi. Hverjir eru kostir þess að þekkja sjálfan sig? En gallar? Skráið hugmyndir ykkar niður, ræðið þær og dragið ályktun. Hvað kom ykkur að óvörum? Hvað vakti sérstakan áhuga ykkar?


## PMÁ

P +	M -	Á ?

PMI: Plus, Minus, Interesting Points. de Bono, 1992.



# Vinnublað 14



Þetta er mjög góð aðferð til að gera sér grein fyrir því hvað maður veit eða kann um eitthvert viðfangsefni, hvað maður vill kunna betur eða vita meira um og hvað maður lærði á því að kynna sér meiri upplýsingar.

## KVL

Það sem ég <b>KANN</b>	Það sem ég <b>VIL KUNNA</b>	Það sem ég <b>LÆRÐI</b>

